

Mánudaginn 23. apríl 2012 kom fjallskilastjórn Miðfirðinga saman til fundar að Staðarbakka.

Farið var yfir drög að nýrri fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra.

Rætt um viðhald á rétt og safngirðingu sem og merkingu á rétt.

Rætt um aðstöðu fyrir gangnahesta á Húksheiði.

Samið bréf til Matvælastofnunar þar sem farið var fram á að Miðfjarðarhólf verði ekki lengur skilgreint sem sýkt hólf vegna NOR 98.

Fleira ekki tekið fyrir.

Rafn Benediktsson (sign)
Ari Guðmundur Guðmundsson (sign)
Ólöf Þorsteinsdóttir (sign).

Bréfið sem sent var til Matvælastofnunar.

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfoss
B/T Halldór Runólfsson
Yfirdýralæknir

Staðarbakka 23.apríl 2012.

Fjallskilastjórn Miðfirðinga krefst þess að nú þegar verði hætt að skilgreina Miðfjarðarhólf sem sýkt hólf, en það hefur verið gert síðan NOR 98 greindist í einni kind að Brautarholti í Hrutafirði vorið 2008.

Greinargerð:

Í ljósi þess að öll sýni sem tekin voru úr Brautarholtsfénu sem og öllu öðru fullorðnu fé úr Miðfjarðarhólfi sem tekin voru árið 2008 reyndust neikvæð og að nú er ljóst að öll sýni sem tekin voru úr fjárhjörðinni að Merki á Jökuldal reyndust neikvæð er einboðið að skilgreiningin "sýkt hólf" eigi ekki við Miðfjarðarhólf.

Virðingarfyllt
Fjallskilastjórn Miðfirðinga

Rafn Benediktsson (sign)
Ari Guðmundur Guðmundsson (sign)
Ólöf Þorsteinsdóttir (sign).